



tonihar006

Það fá allir skell í þessu móti. Það er bara í eðli leiksins í jöfnu móti að imparnir falli stundum allir á annan veginn. Það er ekki spurning um hvort heldur hvenær skellurinn kemur, hvað þeir verða margir og hvað stórir.

Hér er lyklatríði að taka slæmu gengi með jafnaðargeði og láta ekki vondu spilin hafa áhrif á framhaldið, næsta spil, næsta leik.

Þegar þetta kemur upp þá er gott að hafa reynslumikið lið og samhelt

Laugardagur 9.júní

Leikur 11

## Finland

NS Matti-Alli

AV Jón-Bessi

Í impum 36-34 10,61 stig

Finnar eru alltaf erfiðir. Oftar en ekki þá höfum við aðeins betur en nánast alltaf í jöfnum leikjum. Koistinen, þeirra aðalkall er hér á sínu 16. Evrópumóti. Mjög góður spilari.

Finnarnir voru að taka nokkrar góðar ákvarðanir í leiknum og við máttum kallast góðir að ná sigri.

♠KQ76 ♥9 ♦J752 ♣T752

Finninn sá makker sinn opna á pólsku laufi, allir á hættu. Matti kom inn á 1 spaða, pass, pass, dobl. Hér sat hann sem fastast og tók 800 og 5 impa. Normal 3nt 630 á hinu borðinu.

♠A6 ♥Q8 ♦AQ63 ♣K7643

Á þessa 15 punkta passaði Finninn multi opnun hjá Alla. Það var rétt því makker átti einn punkt. Jón kom inn á veika 2 og var tekinn -1100 10 impar út. Jón getur sloppið betur er hann hittir á betri samning en hann er alltaf minnst 800 eftir innákomuna.

Spil 16 V/AV

♠ JT9

♥ JT5

♦ KQT9

♣ K43

♠ K8432

♥ 962

♦ 85

♣ J52

♠ 765

♥ AK

♦ A742

♣ T987

♠ AQ

♥ Q8743

♦ J63

♣ AQ6

Hér náðu Finnarnir á stoppa í 1nt í NS á meðan okkar menn voru í geiminu niður. AV brjóta spaðann í gröndum og það er ekki hægt að dúkka vestur út úr spilinu. 5 impar út. Það er erfitt að eiga við svona. En við áttum líka pósitoíf spil.

Spil 9 N/AV

♠ A6532

♥ K65

♦ 9

♣ K976

♠ KJ7

♥ QJ32

♦ T6

♣ Q432

♠ Q98

♥ A74

♦ KQJ753

♣ 8

♠ T4

♥ T98

♦ A842

♣ AJT5

| <u>Vestur</u> | <u>Norður</u> | <u>Austur</u> | <u>Suður</u> |
|---------------|---------------|---------------|--------------|
|               | Matti         |               | Alli         |
|               | 1 ♠           | 2 ♦           | pass         |
| 2nt           | pass          | 3nt           | dobl         |
|               | allir pass    |               |              |

Við höfum áður séð opnanirnar hjá Matta, margar furðu léttar. Finnarnir gerðu ekkert mikið rangt í þessu spili, áttu bara 2 djarfar yfirmeldingar. Alla var nóg boðið og doblaði 3nt. Útspil lauf, og fjórir slagir teknir þar. Sagnhafi þurfti að henda úr blindum og valdi að henda einu spili af hverjum lit. Þá var bara ásinn annar eftir í blindum svo Matti spilaði hjarta. Sagnhafi braut út tígulásinn og aftur kom hjarta. Matti fékk síðan á spaðaásinn og hjartakónginn í lokin. 800 inn plús 90 kallinn inn í 2 tíglum á hinu borðinu, 13 impar inn.

Spil 12 V/NS

|          |          |
|----------|----------|
| ♠ J87    |          |
| ♥ QJ54   |          |
| ♦ T6     |          |
| ♣ KT93   |          |
| ♠ 65432  | ♠ T9     |
| ♥ --     | ♥ KT876  |
| ♦ 43     | ♦ AK9752 |
| ♣ AQ8762 | ♣ --     |
| ♠ AKQ    |          |
| ♥ A932   |          |
| ♦ QJ8    |          |
| ♣ J54    |          |

| <u>Vestur</u> | <u>Norður</u> | <u>Austur</u> | <u>Suður</u> |
|---------------|---------------|---------------|--------------|
|               | Matti         |               | Alli         |
| Pass          | pass          | 1 ♥           | 1nt          |
| 2 ♣*          | 3nt           | allir pass    |              |

3nt +600 meðan við fórum einn niður á 2 tíglum í austur á hinu borðinu. 11 inn. 2 laufin voru eitthvað loðin hjá þeim, útskýrt sem spaði og þolir hjarta! Spilið er vonlaust með tígli út en vestur spilaði út spaða. Alli lagði af stað með lauf gosann sem átti slaginn. Meiri lauf á níuna. Austur henti hjarta og tígli í laufslagina. Nú kom hjarta drottning úr

blindum, Kóngur, ás. Þar sem austur var búinn að henda hjarta þá braut Alli sér hjartaslag og síðan tígulslag. 9 slagir, 3 á spaða, 3 á hjarta, 2 á lauf og einn á tígul. Ef austur hendir ekki hjarta þá fer Alli bara í laufið og fær þrjá þar.



Í uppgjörinu.

Leikur 12

Rússland

NS Jón-Bessi

AV Ómar-Raggi

Í impum 45-28 14,39 stig

Rússarnir kunna þetta allt. Þeir hafa allir verið með Gromov í liðinu um árabil. Nú er Gromov í fríi frá spilamennskunni og er hér starfsmaður mótsins að lýsa leikjum á rama. Þetta er eini tveggja leikja dagurinn. Eitt parið lendir í tveim leikjum, hin bara einum. Ég ákvað að nota stuðið sem er á Jóni og Bessa og setja þá á Rússaleikinn. Þeir þekkja þessa Rússa vel úr Moskvuferðunum á Slava cup



Bíðum eftir að leikurinn klárast. Jafet mættur í uppgjörið.

Spil 17 N/0

♠ KT  
 ♥ A843  
 ♦ K  
 ♣ KJT983  
 ♠ 97643      ♠ AQJ82  
 ♥ KT            ♥ J62  
 ♦ QT532      ♦ 7  
 ♣ 7              ♣ 6542  
 ♠ 5  
 ♥ Q975  
 ♦ AJ9864  
 ♣ AQ

Þetta er einföld innákoma á austurhöndina á 1 spaða. Raggi fékk á sig 2 laufa opnun og hefur hugsað; ég er ekki kominn hingar til að passa bara. Hann meldaði 2 spaða. Íslenski stíllinn, “fearless” bidding. Það kom dobl í suður og Ómar stökk í 4 spaða. Norður doblaði og spilið er alltaf niður með tvisvar spaða frá vörninni. Mínum 100 hélt tapinu í 4 impum þegar Jón og Bessi í misskilningi reyndu 3nt í suður á hinu borðinu. Spaði út hnekkti því beint.



Rússarnir koma

Spil 2 N/ALLIR

♠ 963  
 ♥ AQT32  
 ♦ K2  
 ♣ J87  
 ♠ K2            ♠ AT854  
 ♥ KJ98764    ♥ --  
 ♦ T43           ♦ AQJ986  
 ♣ 4              ♣ 32  
 ♠ QJ7  
 ♥ 5  
 ♦ 75  
 ♣ AKQT965

| <i>Vestur</i> | <i>Norður</i> | <i>Austur</i> | <i>Suður</i> |
|---------------|---------------|---------------|--------------|
| Ómar          |               | Raggi         |              |
|               | Pass          | 1 ♦           | 2 ♣          |
| 3 ♥           | pass          | 3 ♠           | pass         |
| 4 ♥           | dobl          | 4 ♠           | dobl         |
| 5 ♦           | dobl          | allir pass    |              |

Ómar og Raggi náðu andstöðunni í doblham. 5 tíglar doblaðir unnust með yfirlag. Á hinu borðinu þróaðist þetta allt öðruvísi.

| <i>Vestur</i> | <i>Norður</i> | <i>Austur</i> | <i>Suður</i> |
|---------------|---------------|---------------|--------------|
|               | Jón           |               | Bessi        |
|               | Pass          | 1 ♠           | 2 ♣          |
| 2 ♥           | 2 ♠           | 3 ♦           | 3 ♠          |
| Dobl          | 3nt           | pass          | pass         |
| 4 ♥           | dobl          | allir pass    |              |

Það er engin lágdeyða í sögnum í Íslensku leikjunum. Það er kannski þess vegna sem þeir ætla að senda okkur aftur á rama á móti Svíum. Enn eru Jón og Bessi komnir í 3nt svo doblið á 4h var sekt. Á mörgum borðum gekk; opnun-2♣-3♥ eða 4♥ við því á norður ekki beint sektardobl og 3 og 4 hjörtu voru spiluð ódobluð um allan sal.

Rússarnir sátu þar sem fastast, 500 niður plús 950 á hinu borðinu, 16 impar inn.

Það hefur verið góður gangur á þessu hjá liðinu. Tveir leikir á rama og einn í viðbót við Svía, sunnudag. Auk þess er einn í viðbót á bbo. Það má finna umfjöllun um leiki liðsins í mótisblaðinu. Það má finna á heimasíðu mótsins.

Nú styttist í erfiða kafla mótsins. Þá lendum við í sterkustu þjóðunum marga leiki í röð. Spilarar eru staðráðnir í að gera sitt besta, meira er ekki hægt að biðja um. Svo verður bara að koma í ljós hversu langt það dugar.

Það var þungt yfir Bessa eftir leiki dagsins, neikvæður dagur í bötlernum.

Það bjargaði deginum að hin pörin áttu mjög góð blöð.

Bessi bað mig um að birta butlerstöðuna áður en hann lækkar meira.

|              |        |          |
|--------------|--------|----------|
| Jón - Bessi  | + 0,79 | 128 spil |
| Ómar - Raggi | + 0,51 | 112 spil |
| Matti - Alli | + 0,17 | 112 spil |



Matthías Gísli Þorvaldsson er hér á sínu 6. Evrópumóti. Spilafélagarnir eru fjórir.

|      |                        |
|------|------------------------|
| 1995 | Jakob Kristinsson      |
| 1997 | Aðalsteinn Jörgensen   |
| 2001 | Þorlákur Jónsson       |
| 2004 | Magnús Eiður Magnússon |
| 2006 | Magnús Eiður Magnússon |
| 2018 | Aðalsteinn Jörgensen   |

Það sést á þessum lista að það eru gefin of löng fæðingarorlof í briddsinum. Hver samþykkti þetta.

tonihar006, 10.júní 2018

[tonihar@simnet.is](mailto:tonihar@simnet.is)